

31. mars 2020

Fundur nr. 2 á árinu 2020 í aðalstjórn Vestra, haldinn kl.17:00 í gegnum fjarfundarforritið Teams.

Mætt eru: Hjalti Karlsson, Sigurður Hreinsson, Guðni Guðnason, Guðfinna Hreiðarsdóttir, Sólrún Geirsdóttir, Þorsteinn Þráinsson, Jónas Gunnlaugsson Gísli Jón Hjaltason og Jóna Lind Kristjánsdóttir.

Taka verður fram að yfir þann tíma sem fundurinn stóð, tókst ekki öllum fundarmönnum að halda sér inni á fundinum eða að vera virkir þátttakendur, en öll erum við jú að læra á þessa nýju tækni.

Gengið til dagskrár:

1. **Áhrif Covid ástandsins á fjárhag deilda.** Fram kom í máli formanns að fjárhagsleg áhrif á deildir félagsins vegna Kórónaveirunnar séu umtalsverðar. Ljóst er að flestar deildir félagsins eru að missa af talsverðum fjárhæðum vegna fjáröflunarverkefna sem m.a. hafa verið í kringum tónlistarhátíðina Aldrei fór ég suður, auk þess sem talið er upp hér fyrir neðan.

Tekjutap körfuknattleiksdeildar er verulegt. Ljóst er að deildin mun verða af nokkrum tekjum eftir að tímabilið var slegið af en meistaraflokkur karla var kominn í undanúrslit sem alltaf gefur eitthvað í aðra hönd. Óvissa er um stærstu fjáröflun félagsins sem eru körfuboltaþúðirnar í byrjun júní. Flest bendir til þess að ekki verði hægt að halda þúðirnar á þeim tíma og er verið að skoða nýjar dagsetningar í ágúst. Ef ekki reynist unnt að halda þúðirnar er það mikið fjárhagslegt tjón fyrir deildina, sérstaklega yngri flokkana sem hafa að miklu leyti fjármagnað starfsemi sína með tekjum af þúðunum.

Tekjutap blakdeildar er líklega vel yfir milljón króna, þar sem deildin missti af því að halda tvö allstór blakmót, sem halda átti í lok mars og byrjun maí.

Óljóst er hvaða áhrif ástandið hefur á Knattspyrnudeildina en á meðan styrktaraðilar eru ekki farnir að kippa að sér höndum gætu áhrifin þar hugsanlega verið minni en hjá hinum fyrrnefndu deildunum tveimur.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort og þá hversu mikið tap hjólreiðadeildar er vegna ástandsins.

Samþykkt að senda skilaboð á deildir, um að halda vel utan um tölur um fjárhagstjón fyrir deildirnar vegna veirunnar. Ekki er útilokað að hluti tjónsins verði bættur af opinberum aðilum. Aðalstjórn mun fylgst vel með framhaldinu og verður staða deilda tekin aftur upp úr páskum.

2. **Aðalfundur Vestra og undirdeilda.** Fyrir nokkru sendi stjórn út skilaboð um að ekki skyldi halda aðalfundi á meðan samkomubann væri í gildi. Hjólreiðadeild náði þó að halda sinn aðalfund þar sem hann hafði verið auglýstur snemma í mars. Aðalfundur hjólreiðardeildar var haldinn 16 mars sl.

3. **Uppbyggingarsamningur vegna Vallarhúss.** Formaður vakti athygli á sérkennilegu orðalag í nýendurnýjuðum Uppbyggingarsamningi um Vallarhúsið. Fram kemur í samningnum að greiðsla af hendi bæjarins fer ekki fram fyrr en við verklok.

Stjórn Íþróttafélagsins Vestra lýsir yfir undrun sinni á að slík skilyrði skulu vera sett í uppbyggingarsamning. Ekki nóg með það að félagsmenn þurfi að leggja á sig ómælda sjálfböðavinnu til að gera sem mest úr því fjármagni sem fæst í framkvæmdina, til að lagfæra fasteign í eigu Ísafjarðarbæjar, heldur þarf félagið fyrst að taka samsvarandi fjármagn að láni til að geta framkvæmt endurbæturnar. Niðurstaðan hlýtur því að vera sú að félagsmenn og bæjarfélagið fá minna fyrir þá fjármuni sem eru ætlaðir í verkefnið.

4. **Knattspyrnuhús.** Formaður knattspyrnudeildar sendi inn á dögnum bréf til aðalstjórnar, þar sem velt var upp þeirri spurningu varðandi framhaldið við byggingu knattspyrnuhúss. Á haustdögum fór fram útboð á knattspyrnuhúsi á EES-svæðinu, en fyrir einhverjar sakir skiluðu engir inn tilboði. Því er nú ríkjandi óvissa um hvað framhald verður á því máli.

Formaður knattspyrnudeildar velti fyrri sér í bréfinu, hvort að væri að opnast glufa á að virðisaukaskattur fengist endurgreiddur ef stofnað yrði félag til að reisa og reka húsið og hvort að möguleiki væri á að ná með þeim hætti niður kostnaði við byggingu þess.

Stjórn er sammála um að þetta sé möguleiki sem vert sé að skoða.

Samhliða hreinritun á þessari fundargerð kannaði ritari hvaða skilyrði eru sett fyrir endurgreiðslu af því tagi sem hér er til umræðu, inni á rsk.is.

<https://www.rsk.is/um-rsk/frettir-og-tilkynningar/allir-vinna-timabundin-haekkun-a-endurgreidslum-vsk>

„Vinnu manna á byggingarstað við byggingu, viðhald eða endurbætur á mannvirkjum sem alfarið eru í eigu mannúðar- og líknarfélaga, íþróttafélaga, landssamtaka björgunarsveita og slysavarnardeilda og einstaka félagseininga sem starfa undir merkjum samtakanna. Einnig er endurgreiddur virðisaukaskattur af þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu á slíku mannvirki. Endurgreiðsla þessi er bundin tilteknum skilyrðum sem koma nánar fram í lögunum.“

Eftir að hafa lesið yfir þessa vefsíðu er það mat ritara að mjög ósennilegt sé að bæjarfélagið sé tilbúið og/eða hafi heimild til að gera samninga um félag sem uppfyllir viðkomandi skilyrði. Engu að síður er rétt að kanna möguleikann með því að senda inn formlega fyrirspurn til bæjarins.

5. **Aðstaða fyrir iðkendur í andyri íþróttahúsins í Torfnesi.** Umrætt mál hefur verið að velkjast í stjórnkerfi bæjarins í rúmt ár og var ma. til umræðu á síðasta stjórnarfundi Vestra. Í framhaldi af þeim fundi sendi formaður bréf á sviðstjóra Skóla- og tómsfundasviðs en ekki hefur borist svar við því.

6. **Önnur mál.** UMFÍ auglýsti á dögnum eftir umsóknum í Fræðslu- og verkefnasjóð. Samþykkt að sækja um styrk til að þýða siðareglur, gildi og jafnréttisáætlun Vestra og gefa út. Guðfinna og Hjalti ganga frá umsókninni á morgun, fyrsta apríl.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl.18:25

Fundargerð ritaði Soggi Hreins.